



Jafnlaunastefna Ísafjarðarbæjar

Stefna Ísafjarðarbæjar er að allir starfsmenn sveitarfélagsins njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Allir skulu hafa jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Sveitarfélagið greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir m.a. um þekkingu, ábyrgð og hæfni. Launaákvörðanir skulu vera gagnsæjar og málefnalegar og í samræmi við starfslýsingu, kjarasamninga og starfsmat sem jafnframt metur með kerfisbundnum hætti þær kröfur sem störf gera til starfsmanna. Launaákvörðanir skulu studdar rökum og skal tryggt að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Ákvarðanir um launabreytingar eru teknar af bæjarstjóra og sviðsstjórum í samráði við forstöðumenn. Ber þeim að tryggja að samræmis sé gætt í launagreiðslum og að rökstuðningur fylgi öllum þeim breytingum sem gerðar eru. Starfsmenn geta óskað eftir endurskoðun á launum eða starfsmati til næsta yfirmanns. Við endurskoðun skal ákvörðun um afgreiðslu máls tekin sameiginlega af næsta yfirmanni, sviðsstjóra, bæjarstjóra og mannauðsstjóra og hún rökstudd.

Ef um nýtt starf er að ræða og/eða ef starfsmat fyrir viðkomandi starf er ekki fyrirbyggjandi, skulu næsti yfirmaður, sviðsstjóri og mannauðsstjóri, með hliðsjón af starfslýsingu setja upp bráðabirgðamat, byggt á sambærilegu starfi ef hægt er og óska eftir endurmati eftir 6 til 12 mánuði.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Ísafjarðarbær sig til að innleiða, skjalfesta, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og ákvarða hvernig þær verða uppfylltar.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Ísafjarðarbæjar og jafnlaunastefnu. Hann ber ábyrgð á að kröfum jafnlaunastaðalsins sé framfylgt og að jafnlaunakerfið standist lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisfulltrúi er fulltrúi bæjarstjóra í að framfylgja jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi Ísafjarðarbæjar og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við jafnlaunastaðalinn. Allir stjórnendur Ísafjarðarbæjar skuldbinda sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni og bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda stöðugum umbótum á öllum þáttum hennar, eftirliti og viðbrögðum. Stefnan skal kynnt fyrir starfsmönnum Ísafjarðarbæjar og skal hún einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef bæjarins.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar.